# Systkinasmiðjan:

## Námskeið fyrir systkini barna með sérþarfir

**Brynhildur Björnsdóttir**

**Hanna Björnsdóttir**

**Vilborg Oddsdóttir**

# Af hverju Systkinasmiðja?

- Þegar kemur að þjónustu við fatlað fólk og fjölskyldur þess er það yfirleitt einstaklingurinn sem er fatlaður og foreldrar hans sem mesta áherslan er lögð á.
- Systkini fólks með sérþarfir hefur fengið litla athygli og fræðimenn sýndu þessum hópi ekki áhuga að ráði fyrr en á sjöunda áratugnum.
- Þjónusta við systkini fatlaðra er í lágmarki þegar kemur að opinberri þjónustu.
- Systkini gegna sérstöku hlutverki í lífi okkar.
- Samband systkina eru varanleg tengsl.
- Sambönd systkina vara lengur en sambönd við foreldra okkar.
- Systkini móta líf hvers annars.
- Systkini hafa áhrif á sambönd bæði innan og utan fjölskyldna.

# Af hverju Systkinasmiðja?

- Systkini barna með sérþarfir þurfa athygli, skilning og stuðning líkt og foreldrar þeirra.
- Öll þurfa þau tækifæri til að læra af öðrum og að þau eru ekki ein.
- Vettvangur fyrir systkini til að geta tjáð sig er í hópi með öðrum systkinum sem hafa álíka reynslu.
- Systkini barna með sérþarfir hafa líka sérþarfir.
- Að alast upp með systkini með sérþarfir getur verið streituvaldandi og óréttlátt.
- Það getur líka verið styrkur og hvatning.
- Rannsóknir sýna að mörg systkini telja að sú reynsla að eiga systkini með sérþarfir hafi gert líf þeirra ríkara og þýðingarmeira.
- Samt sem áður telja sum systkini að sú reynsla hafi haft neikvæð áhrif á líf þeirra.

# Af hverju Systkinasmiðja?
## Meyer og Lobato: Jákvæð áhrif

- Þroski
- Ábyrgð
- Sjálfstæði
- Sjálfsálit
- Innsæi
- Umburðarlyndi
- Stolt
- Umhyggja fyrir hag annarra
- Áhugi fyrir mannúðarmálum og störfum tengdum mannúðarmálum

# Af hverju systkinasmiðja?
## Meyer og Lobato: Neikvæð áhrif

- Ofsamsömun
- Sektarkennd
- Skammast sín
- Einmannaleiki og missir
- Gremja
- Aukin ábyrgð
- Þrýstingur á að standa sig
- Afbrýðisemi
- Tilfinning um að vera vanræktur af foreldrum

- Afbrýðisemi
- Tilfinning um að vera vanræktur af foreldrum
- Hömlur á félagslegt samneyti
- Þörf fyrir upplýsingar
  - Til friðþægingar
  - Til að svara eigin spurningum
  - Til að svara spurningum annarra
  - Til að skipuleggja framtíðina

# Af hverju Systkinasmiðja? Rannsóknir Peter Burke

- Burke telur að upplifun systkina af því að eiga fatlað systkini líkist sorgarviðbrögðum. (Kubler-Ross)
  - Afneitun
  - Reiði
  - Samviskubit
  - Þunglyndi
  - Sátt
- Til að aðlagast þarf að vinna sig í gegnum þessi stig.

# Peter Burke: Öðruvísi vegna aðstæðna

**Komið fram við ófötluð börn eins og þau séu sjálf á einhvern hátt fötluð. Þetta er kallað “að vera öðruvísi vegna aðstæðna” (“Disability by association”).**

Reynsla úr skóla

Reynsla að heiman



# Rannsóknir Peter Burke
## Viðbrögð systkina

| | | |
|---|---|---|
| Neikvæð viðbrögð (sterk) | innávið | reiði |
| Neikvæð viðbrögð (veik) | útávið | afneitun |
| Hlýðni | útávið | samviskubit |
| Jákvæð viðbrögð(sterk) | innávið | verndun |
| Jákvæð viðbrögð (veik) | útávið | sátt |

# Rannsóknir Peter Burke
# Að hitta jafnaldra í hópi

- Börnin fengu tækifæri til að styrkja sjálfstæða sýn. Álit og skoðanir mótuðust innan hópsins, óháð foreldrum. Þetta var börnunum mjög dýrmætt.
- Vera þeirra í hópnum dró úr tilfinningu þeirra um að vera félagslega einangruð. Þátttaka í smiðjunni fékk þau til að finnast þau tilheyra.
- Grundvallaratriði fyrir hópreynsluna var að *"komast í burtu"* hvort sem það var frá skólanum, heimilinu eða öðru umhverfi þar sem þeim fannst þau síður vera velkomin.
- Börnin sem sóttu smiðjurnar sýndu *aukið sjálfstraust, aukið sjálfsálit og aukna tjáningu.*
- Stuðningshópar styrkja börnin félagslega og ýta undir félagslega þátttöku.

# Af hverju Systkinasmiðja?

## Þörf fyrir upplýsingar

- Forskólabörn þurfa að vita að þau orsökuðu ekki fötlunina og að hún er ekki “smitandi”
- Grunnskólabörn þurfa upplýsingar til að svara eigin spurningum og annarra.
- Unglingar þurfa nákvæmari upplýsingar og upplýsingar varðandi framtíðina.

- **Skortur á upplýsingum getur stuðlað að neikvæðum áhrifum eins og að:**
- Finna til einmannaleika
- Finna til einangrunar
- Finna til missis

# Af hverju systkinasmiðja?

**Hvað hefur áhrif á það hvernig systkini barna með sérþarfir skynja reynsluna að eiga systkini með sérþarfir:**

- Bjargráð fjölskyldu
- Lífstíll fjölskyldu
- Uppeldisaðferðir
- Tegund og alvara fötlunar
- Fjöldi barna í fjölskyldu
- Aldur barna í fjölskyldu
- Kyn barna í fjölskyldu
- Aðrir streituvaldar
- Stuðningsúrræði í samfélaginu

# Hvað geta foreldrar gert?

- Komið fram við barnið sem barn – ekki sem umönnunaraðila.
- Munið að börn hafa tilfinningar líka. Leyfið þeim að tjá sig opinskátt.
- Gefið þeim val og leyfið þeim að taka þátt í ákvarðanatöku.
- Leyfið þeim að segja sitt álit.
- Upplýsið þau um fötlun eða sérþarfir systkinis.
- Svarið spurningum skilmerkilega.

# Markmið systkinasmiðjunnar eru að veita systkinum barna með sérþarfir

- Tækifæri til að hitta önnur systkini í skipulögðu og skemmtilegu umhverfi.
- Tækifæri til að ræða við jafnaldra sína á jákvæðan hátt um margt sem tengist því að eiga systkini með sérþarfir.
- Innsýn í það hvernig takast megi á við þær margbreytilegu aðstæður sem fylgja því að eiga systkini með sérþarfir.
- Tækifæri til að læra meira um fötlun eða veikindi systkini síns með sérþarfir.
- Veita foreldrum og fagfólki tækifæri til að kynnast því hvernig er í raun að alast upp með systkini með sérþarfir, þ.e. þeirri gleði og áskorun sem fylgir því.

# Þátttaka í Systkinasmiðjunni

- Gefur börnunum aukið sjálfstraust.
- Gerir þau betur í stakk búin til að takast á við sterkar tilfinningar eins og t.d. reiði, vonbrigði og sektarkennd.
- Leiðir til þess að börnin fá aukna vitund um veikindi eða fölun systkinis síns og þarfir.
- Þau kynnast öðrum krökkum sem eru í svipuðum aðstæðum og heyra að þau eru ekki ein með upplifanir sínar.
- Getur leitt til betri samskipta innan fjölskyldunnar og meðal vina.
- Börnin verða sáttari við hlutskipti sitt.

# Rannsókn á Systkinasmiðjunni

- Meistaraverkefni í félagsráðgjöf við HÍ
- Fyrsta rannsóknin sem gerð er á starfsemi Systkinasmiðjunnar á Íslandi
- Markmið rannsóknarinnar var að kanna hver árangur Systkinamiðjunnar er í að mæta markmiðum sínum og hvernig þátttakendur meta upplifun sína af þátttöku í Systkinasmiðjunni.
- 56 krakkar á aldrinum 10 – 18 ára sem öll hafa verið í Systkinasmiðjunni svöruðu spurningum um þátttöku sína í Systkinasmiðjunni.
- Þátttakendur svöruðu rafrænum spurningalista á netinu sem var þróaður sérstaklega fyrir þessa rannsókn.
- Niðurstöður úr þessari rannsókn eru í heildina litið sambærilegar við niðurstöður erlendra rannsókna.

# Ánægja með Systkinasmiðjuna

| Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur hefur þú verið með námskeið Systkinasmiðjunnar? | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Mjög/Frekar ánægð/ur | 48 | 86% |
| Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur | 5 | 9% |
| Frekar/mjög óánægð/ur | 3 | 6% |
| **Telur þú að Systkinasmiðjan geti hjálpað krökkum sem eiga systkini með sérþarfir?** | **Fjöldi** | **Hlutfall** |
| Mjög/frekar mikið | 48 | 86% |
| Hvorki mikið né lítið | 6 | 11% |
| Frekar/mjög lítið | 2 | 3% |

# Líðan gagnvart systkini og áhrif hugsunar um systkini

| Líðan gagnvart systkini? | Jákvætt | Neikvætt |
|---|---|---|
| Stolt | 39 | |
| Kennt mér umhyggjusemi | 18 | |
| Kennt mér umburðarlyndi | 18 | |
| Áhyggjur af framtíð hans/hennar | | 29 |
| Hef fleiri skyldur heima | | 16 |
| Fæ stundum samviskubit | | 14 |
| **Þegar hugsar um systkini sitt** | **Jákvætt** | **Neikvætt** |
| Verð stolt/ur | 29 | |
| Verð umhyggjusöm/samur | 25 | |
| Verð þakklátur | 22 | |
| Verð áhyggjufull/ur | | 17 |
| Verð reið/ur | | 11 |
| Verð viðkvæm/ur | | 10 |

- Niðurstöður gefa vísbendingar um að þátttakendur njóta þess að koma, hitta, ræða og leika við hvert annað.
- Meirihluti lýsir yfir ánægju með Systkinasmiðjuna og mælir með henni fyrir önnur systkini fólks með sérþarfir.
- Þriðjungur til helmingur telur sig hafa lært eitthvað um sérþarfir systkini síns.
- Þriðjungur til helmingur telur sig hafa lært um leiðir til að takast á við erfiðar aðstæður og fengið tækifæri til að tjá sig um líðan og nýtt sér það.

# Systkinasmiðjan

- Heimasíðan okkar – verumsaman.is
- BROS-blaðið – á heimasíðu
- Þýðingar á bókum:
- *"Með okkar augum: Uppvöxtur með fötluðu systkini" eftir Don Meyer og*

  *"Bræður og systur: Að eiga systkini með fötlun. Ráð og sögur handa systkinum barna með sérþarfir eða alvarlega sjúkdóma" eftir Monica McCaffrey*
- Rannsókn á Systkinasmiðjunni : http://skemman.is/stream/get/1946/4173/12065/1/lokaskjal_fixed.pdf


- Burke, P. (2003) *Brothers and Sisters of Children with Disabilities*, Jessica Kingsley, London.
- Burke, P. (2008) *Disability and Impairment: Working with Children and Families,* Jessica Kingsley, Philadelpia.